# Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

## Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2013

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 6
Efnahagsreikningur ........ 7
Eiginfjáryfirlit ........ 8
Sjóðstreymisyfirlit ........ 9
Skýringar ........ 10-22

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

## Lánveitingar og lántökur

Útborguð langtímalán á tímabilinu námu 7.311 milljónum króna samanborið við 3.765 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sveitarfélög hafa heimild í lögum til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum. Í árslok voru 99% útlána sjóðsins til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með slíkt veð. Vanskil við undirritun þessa ársreiknings voru engin.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútboð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 5.436 milljónir króna. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lánasjóðurinn var með skiptiútboð á tímabilinu þar sem bréfum í flokki LSS 0801 að nafnvirði 3.760 milljónum króna var skipt út fyrir bréf í flokki LSS 34 að nafnvirði 4.838 milljónir króna. Einnig greiddu lántakendur sjóðsins upp lán fyrir gjalddaga að andvirði 162 milljónir króna á tímabilinu.

## Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 420 milljónum króna samanborið við 430 milljónir króna á sama tíma árið 2012.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 73.996 milljónir króna á móti 70.212 milljónum króna í árslok 2012. Útlán sjóðsins námu 65.530 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 60.542 í árslok 2012. Eigið fé nam 15.482 milljónum króna á móti 15.470 milljónum króna í árslok 2012 og hefur aukist um 0,1% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 64% og stendur í stað frá árslokum 2012.

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut.

Í apríl síðastliðnum greiddi sjóðurinn út arð sem nam 50% af hagnaði ársins 2012 og nam 408 milljónir króna. Vísað er til árshlutareiknings um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

### Stjórnunarhættir

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2008. Í mars á þessu ári veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfunda, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins (www.lanasjodur.is). Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega auk þess sem stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningsskila, áhættustýringar og innra eftirlits.

Á fyrri hluta árs 2013 voru haldnir 6 stjórnarfundir og 2 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og meirihluti endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

### Yfirlýsing

Lánasjóði sveitarfélaga hafa borist tvær stefnur frá lánþegum vegna ágreinings um uppreikning á erlendum lánum. Greinargerðum hefur verið skilað af hálfu lánasjóðsins og vænta má dóms um a.m.k. annað málið fyrir áramót. Lánasjóðurinn hefur áður upplýst að hann efist ekki um lögmæti erlendra lánasamninga sinna og þeir dómar sem fallið hafa að undanförnu hafa styrkt þá skoðun. Það er skoðun sjóðsins og lögmanna hans að það sé ekki ástæða til að breyta því mati að lán sjóðsins standist lög.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30.júní 2013 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2013.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2013

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Elliði Vignisson

Helga Benediktsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 "Árshlutareikningar".

Reykjavík, 22. ágúst 2013

**KPMG ehf.**

Hrafnhildur Helgadóttir

Hrafnhildur Helgadóttir

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30. júní 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 2.649.360.717 | 3.159.456.144 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (2.114.885.824) | (2.651.093.588) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | 5 | 534.474.893 | 508.362.556 |
| | | | |
| Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði | 6 | 2.903.991 | 1.997.065 |
| Hreinn gjaldeyrismunur | 7 | (53.841.197) | (6.276.443) |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | (50.937.206) | (4.279.378) |
| | | | |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 483.537.687 | 504.083.178 |
| | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 27.301.270 | 27.389.721 |
| Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu | 9 | 22.823.672 | 13.183.999 |
| Umboðsmaður skuldara | 10 | (18.513.309) | 0 |
| Árgjöld og eftirlitsgjöld FME | | 4.746.000 | 5.022.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 27.063.884 | 27.410.799 |
| Afskriftir | 18 | 597.814 | 597.814 |
| **Almennur rekstrarkostnaður** | | 64.019.331 | 73.604.333 |
| | | | |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 419.518.356 | 430.478.845 |
| | | | |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 12 | 0,08 | 0,09 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 13 | 3.285.252.174 | 5.473.122.439 |
| Kröfur á lánastofnanir | 14 | 5.023.241.388 | 4.041.633.305 |
| Útlán og kröfur | 15 | 65.530.181.294 | 60.512.044.029 |
| Skammtímaútlán | 16 | 0 | 30.097.500 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 17 | 108.786.769 | 105.882.778 |
| Rekstrarfjármunir | 18 | 48.422.910 | 49.020.724 |
| Aðrar eignir | | 155.458 | 676.078 |
| **Eignir samtals** | | 73.996.039.993 | 70.212.476.853 |
| **Skuldir** | | | |
| Verðbréfaútgáfa | 19 | 48.280.576.568 | 43.661.299.977 |
| Aðrar langtímalántökur | 20 | 9.605.162.052 | 10.664.537.709 |
| Skammtímalántökur | 21 | 490.192.172 | 359.199.348 |
| Lífeyrisskuldbinding | 23 | 52.600.403 | 52.861.269 |
| Aðrar skuldir | 22 | 85.986.669 | 4.574.777 |
| **Skuldir samtals** | | 58.514.517.864 | 54.742.473.080 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 1.250.000.000 | 1.250.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 9.231.522.129 | 9.220.003.773 |
| **Eigið fé samtals** | 24 | 15.481.522.129 | 15.470.003.773 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 73.996.039.993 | 70.212.476.853 |

# Eiginfjáryfirlit

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 2012** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2012 ................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.879.110.874 | 15.129.110.874 |
| Arðgreiðsla vegna ársins 2011 ...... | | | (475.500.000) | (475.500.000) |
| Hagnaður janúar-júní 2012 .......... | | | 430.478.845 | 430.478.845 |
| Eigið fé 30. júní 2012 .................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 8.834.089.719 | 15.084.089.719 |
| Hagnaður júní-desember 2012 ..... | | | 385.914.054 | 385.914.054 |
| Eigið fé 31. desember 2012 .......... | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 9.220.003.773 | 15.470.003.773 |
| **Breytingar á eigin fé 2013** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2013 ................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 9.220.003.773 | 15.470.003.773 |
| Arðgreiðsla vegna ársins 2012 ...... | | | (408.000.000) | (408.000.000) |
| Hagnaður janúar-júní 2013 .......... | | | 419.518.356 | 419.518.356 |
| Eigið fé 30. júní 2013 .................. | 5.000.000.000 | 1.250.000.000 | 9.231.522.129 | 15.481.522.129 |

# Sjóðstreymisyfirlit

| | Skýr. | Árshlutauppgjör 30. júní 1.1.- 30.6.2013 | 1.1.- 30.6.2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 419.518.356 | 430.478.845 |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:** | | | |
| Hreinar vaxtatekjur teknar út | | (534.474.893) | (508.362.556) |
| Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir | | 276.728.060 | 183.722.764 |
| Afskriftir | 18 | 597.815 | 597.814 |
| | | (257.149.018) | (324.041.978) |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Veitt langtímalán | | (7.311.372.045) | (3.765.232.000) |
| Innheimt langtímalán | | 2.985.241.915 | 4.084.801.383 |
| Fjáreignir á gangvirði, hækkun | | (2.903.991) | (1.731.962) |
| Skammtímalán veitt af sjóðnum, lækkun | | 30.000.000 | 190.000.000 |
| Skammtímalán tekin af sjóðnum, hækkun (lækkun) | | 130.854.800 | (539.410.500) |
| Lífeyrisskuldbinding, lækkun | 23 | (260.866) | (188.061) |
| Aðrar eignir, lækkun | | 520.620 | 489.556 |
| Aðrar skuldir, hækkun | | 81.411.892 | 98.681.168 |
| Fengnir vextir | | 1.386.954.024 | 1.323.699.751 |
| Greiddir vextir | | (1.238.443.661) | (1.171.678.859) |
| | | (3.937.997.312) | 219.430.476 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (3.775.627.974) | 325.867.343 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántaka | | 5.436.201.719 | 2.903.664.236 |
| Afborganir langtímalána | | (2.455.698.041) | (5.080.707.906) |
| Arðgreiðsla til sveitarfélaga | | (408.000.000) | (475.500.000) |
| | | 2.572.503.678 | (2.652.543.670) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (1.203.124.296) | (2.326.676.327) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (3.137.885) | (32.430.028) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 9.514.755.744 | 11.123.908.908 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 8.308.493.563 | 8.764.802.553 |
| **Sundurliðun handbærs fjár** | | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | | 3.285.252.174 | 8.689.278.992 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 5.023.241.388 | 75.523.561 |
| | | 8.308.493.562 | 8.764.802.553 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti árshlutareikning sjóðsins þann 22. ágúst 2013.

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum sjóðsins.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, "Interim Financial Reporting". Árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2012. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum eða á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., www.omxnordicexchange.com.

Árshlutareikningur er birtur í íslenskum krónum, sem er jafnframt starfsrækslugjaldmiðill sjóðsins.

## 3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2012.

## 4. Áhættustýring

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Deloitte ehf. sinnir innri endurskoðun lánasjóðsins og hefur gert frá árinu 2005.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hinsvegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhættu er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

### 4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum.

Sveitarfélögin eru nú 74 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförnum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 56 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögunum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Í lok tímabilsins eru 99,9% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga. Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.

30. júní 2013 voru þrír viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamenn með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 216/2007 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 61% af heildarútlánum sjóðsins. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

#### 4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánsjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

#### 4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2013 hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beitti veðrétti sínu í tekjum sveitarfélaga. Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins. Eignir í efnahagsreikningi eru hreinir eignaliðir eins og þeir koma fram í efnahagsreikningi.

| | **Hámark mótaðilaáhættu** | |
|---|---|---|
| | **30.06.2013** | **31.12.2012** |
| **Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:** | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 3.285 | 5.473 |
| Kröfur á lánastofnanir | 5.023 | 4.042 |
| Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra | 65.530 | 60.542 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 109 | 106 |
| Aðrar eignir | 0 | 1 |
| **Samtals mótaðilaáhætta** | 73.948 | 70.163 |

### 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðsluflæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta. Framsetningu lausafjár- og fjármögnunaráhættu hefur verið breytt og inniheldur nú einnig samningsbundnar endurgreiðslur vaxta og hafa samanburðartölur verið leiðréttar til samræmis.

| **Staða 30.06.2013 í m.kr.** | **0-1 mánuðir** | **1 til 3 mánuðir** | **3 til 12 mánuðir** | **1 til 5 ár** | **Yfir 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | |
| Handbært fé | 8.308 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8.308 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 109 | 0 | 0 | 0 | 0 | 109 |
| Útlán | 189 | 3.033 | 5.522 | 31.701 | 41.054 | 81.499 |
| **Samtals fjáreignir** | 8.606 | 3.033 | 5.522 | 31.701 | 41.054 | 89.916 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur | 118 | 2.260 | 4.354 | 25.991 | 38.780 | 71.503 |
| **Samtals fjárskuldir** | 118 | 2.260 | 4.354 | 25.991 | 38.780 | 71.503 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 8.488 | 773 | 1.168 | 5.710 | 2.274 | 18.413 |

| **Staða 31.12.2012 í m.kr.** | **0-1 mánuðir** | **1 til 3 mánuðir** | **3 til 12 mánuðir** | **1 til 5 ár** | **Yfir 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | |
| Handbært fé | 9.515 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.515 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 106 | 0 | 0 | 0 | 0 | 106 |
| Útlán | 16 | 2.910 | 5.510 | 29.789 | 36.788 | 75.013 |
| **Samtals fjáreignir** | 9.637 | 2.910 | 5.510 | 29.789 | 36.788 | 84.634 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur | 380 | 2.807 | 3.490 | 24.455 | 33.837 | 64.969 |
| **Samtals fjárskuldir** | 380 | 2.807 | 3.490 | 24.455 | 33.837 | 64.969 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 9.257 | 103 | 2.020 | 5.334 | 2.951 | 19.665 |

## 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta, frh.

**Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda eftir mynt í m.kr. 30.06.2013.**

| | Verðtryggt ISK | Óverðtr. ISK | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | | |
| Árið 2013 | 3.937 | 8.461 | 559 | 62 | 12 | 3 | 13.034 |
| Árið 2014 | 7.211 | 83 | 1.113 | 124 | 23 | 7 | 8.561 |
| Árið 2015 | 6.925 | 80 | 1.108 | 123 | 23 | 7 | 8.266 |
| Árið 2016 | 6.659 | 76 | 1.492 | 318 | 23 | 7 | 8.575 |
| Árið 2017 | 6.305 | 72 | 746 | 18 | 22 | 7 | 7.170 |
| Eftir árið 2017 | 40.236 | 334 | 3.336 | 240 | 63 | 101 | 44.310 |
| **Samtals fjáreignir** | 71.273 | 9.106 | 8.354 | 885 | 166 | 132 | 89.916 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | | |
| Árið 2013 | 2.599 | 0 | 566 | 55 | 0 | 0 | 3.220 |
| Árið 2014 | 5.447 | 0 | 1.129 | 108 | 0 | 0 | 6.684 |
| Árið 2015 | 5.397 | 0 | 1.123 | 108 | 0 | 0 | 6.628 |
| Árið 2016 | 5.346 | 0 | 1.507 | 303 | 0 | 0 | 7.156 |
| Árið 2017 | 5.294 | 0 | 757 | 1 | 0 | 0 | 6.052 |
| Eftir árið 2017 | 38.417 | 0 | 3.198 | 148 | 0 | 0 | 41.763 |
| **Samtals fjárskuldir** | 62.500 | 0 | 8.280 | 723 | 0 | 0 | 71.503 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 8.773 | 9.106 | 74 | 162 | 166 | 132 | 18.413 |

**Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda eftir mynt í m.kr. 31.12.2012.**

| | Verðtryggt ISK | Óverðtr. ISK | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | | | |
| Árið 2013 | 6.961 | 9.642 | 1.293 | 129 | 25 | 7 | 18.057 |
| Árið 2014 | 6.538 | 0 | 1.143 | 129 | 28 | 7 | 7.845 |
| Árið 2015 | 6.264 | 0 | 1.137 | 128 | 27 | 8 | 7.564 |
| Árið 2016 | 6.004 | 0 | 1.542 | 332 | 27 | 8 | 7.913 |
| Árið 2017 | 5.658 | 0 | 755 | 19 | 27 | 7 | 6.466 |
| Eftir árið 2017 | 32.851 | 0 | 3.502 | 251 | 76 | 109 | 36.789 |
| **Samtals fjáreignir** | 64.276 | 9.642 | 9.372 | 988 | 210 | 146 | 84.634 |
| **Fjárskuldir** | | | | | | | |
| Árið 2013 | 5.040 | 360 | 1.165 | 113 | 0 | 0 | 6.678 |
| Árið 2014 | 4.873 | 0 | 1.190 | 113 | 0 | 0 | 6.176 |
| Árið 2015 | 4.816 | 0 | 1.184 | 112 | 0 | 0 | 6.112 |
| Árið 2016 | 4.759 | 0 | 1.588 | 317 | 0 | 0 | 6.664 |
| Árið 2017 | 4.703 | 0 | 798 | 1 | 0 | 0 | 5.502 |
| Eftir árið 2017 | 30.313 | 0 | 3.370 | 154 | 0 | 0 | 33.837 |
| **Samtals fjárskuldir** | 54.504 | 360 | 9.295 | 810 | 0 | 0 | 64.969 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 9.772 | 9.282 | 77 | 178 | 210 | 146 | 19.665 |

### 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

**Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.06.2013 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.**

| Fjáreignir | 0-1 ár | 1-5 ár | 5-10 ár | Yfir 10 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| ISK verðtryggt | 5.904 | 19.102 | 20.811 | 9.900 | 55.717 |
| ISK óverðtryggt | 8.923 | 0 | 0 | 0 | 8.923 |
| EUR | 8.155 | 0 | 0 | 0 | 8.155 |
| USD | 864 | 0 | 0 | 0 | 864 |
| JPY | 161 | 0 | 0 | 0 | 161 |
| CHF | 111 | 0 | 0 | 0 | 111 |
| GBP | 16 | 0 | 0 | 0 | 16 |
| **Samtals fjáreignir** | 24.134 | 19.102 | 20.811 | 9.900 | 73.947 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| ISK verðtryggt | 4.269 | 15.191 | 19.062 | 10.556 | 49.078 |
| ISK óverðtryggt | 490 | 0 | 0 | 0 | 490 |
| EUR | 8.099 | 0 | 0 | 0 | 8.099 |
| USD | 709 | 0 | 0 | 0 | 709 |
| **Samtals fjárskuldir** | 13.567 | 15.191 | 19.062 | 10.556 | 58.376 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 10.567 | 3.911 | 1.749 | (656) | 15.571 |

**Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2012 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.**

| Fjáreignir | 0-1 ár | 1-5 ár | 5-10 ár | Yfir 10 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| ISK verðtryggt | 9.415 | 14.644 | 17.676 | 8.303 | 50.038 |
| ISK óverðtryggt | 9.642 | 0 | 0 | 0 | 9.642 |
| EUR | 9.170 | 0 | 0 | 0 | 9.170 |
| USD | 966 | 0 | 0 | 0 | 966 |
| JPY | 206 | 0 | 0 | 0 | 206 |
| CHF | 123 | 0 | 0 | 0 | 123 |
| GBP | 18 | 0 | 0 | 0 | 18 |
| **Samtals fjáreignir** | 29.540 | 14.644 | 17.676 | 8.303 | 70.163 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| ISK verðtryggt | 4.019 | 13.942 | 17.628 | 8.829 | 44.418 |
| ISK óverðtryggt | 359 | 0 | 0 | 0 | 359 |
| EUR | 9.112 | 0 | 0 | 0 | 9.112 |
| USD | 796 | 0 | 0 | 0 | 796 |
| **Samtals fjárskuldir** | 14.286 | 13.942 | 17.628 | 8.829 | 54.685 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 15.254 | 702 | 48 | (526) | 15.478 |

## 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

**Vaxtanæmi**

Greining á nettóvaxtanæmi miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur lánasjóðsins um 86 milljónir króna eða 0,55% af eigin fé. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun í m.kr.

| | Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar) | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| | | Hagnaður (tap) | |
| ISK verðtryggt | 100 | 110 | 74 |
| ISK óverðtryggt | 100 | (23) | (3) |
| Erlendar myntir | 100 | (1) | (1) |
| **Heild** | | **86** | **70** |

| **Áhrif verðtryggingar** | **30.06.2013** | **31.12.2012** |
|---|---|---|
| Verðtryggðar eignir | 55.717 | 50.037 |
| Verðtryggðar skuldir | 49.078 | 44.418 |
| **Nettó verðtryggingarstaða** | **6.639** | **5.619** |

## 4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

**Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 30.06.2013**

| | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | |
| Handbært fé | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Útlán | 8.154 | 864 | 161 | 127 | 9.306 |
| **Samtals fjáreignir** | 8.155 | 864 | 161 | 127 | 9.307 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| Lántökur | 8.099 | 709 | 0 | 0 | 8.808 |
| **Samtals fjárskuldir** | 8.099 | 709 | 0 | 0 | 8.808 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 56 | 155 | 161 | 127 | 499 |

**Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2012**

| | EUR | USD | JPY | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjáreignir** | | | | | |
| Handbært fé | 8 | 0 | 0 | 0 | 8 |
| Útlán | 9.162 | 966 | 206 | 141 | 10.475 |
| **Samtals fjáreignir** | 9.170 | 966 | 206 | 141 | 10.483 |
| **Fjárskuldir** | | | | | |
| Lántökur | 9.112 | 796 | 0 | 0 | 9.908 |
| **Samtals fjárskuldir** | 9.112 | 796 | 0 | 0 | 9.908 |
| **Nettó eignir - skuldir** | 58 | 170 | 206 | 141 | 575 |

### 4.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

### 4.6 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmiskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins.

### 4.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðum dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lánasjóðurinn hefur farið yfir dóma Hæstaréttar sem fjalla um gengistryggð lán og dæmd hafa verið ólögmæt. Að sama skapi hefur lánasjóðurinn farið yfir dóma Hæstaréttar þar sem um hefur verið að ræða lögmæt lán í erlendri mynt. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að almennt bendi ekkert til þess að erlend lán til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

### 4.8 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins.

Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (Tier 1).

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárhlutfall sitt byggt á Basel II reglunum. Basel II skiptist niður í Stoð 1 (Pillar 1) og Stoð 2 (Pillar 2). Í Stoð 1 er áhættuþáttum skipt í útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu.

Í Stoð 2 er farið í nánari útfærslu á eigin mati og mælingum sjóðsins á eiginfjárhlutfallinu sem svo er grundvöllur fyrir ICAAP matinu. Árið 2012 mat sjóðurinn eiginfjárþörf sína með svonefndu ICAAP ferli og skilaði til FME skýrslu þar um. Mat sjóðsins á eiginfjárþörf með ICAAP ferlinu er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

## 5. Hreinar vaxtatekjur

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| **Vaxtatekjur og verðbætur** | | |
| Útlán og kröfur | 2.393.224.678 | 2.986.084.450 |
| Handbært fé og skammtímakröfur | 256.136.039 | 173.371.694 |
| | 2.649.360.717 | 3.159.456.144 |
| **Vaxtagjöld og verðbætur** | | |
| Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur | 2.114.885.824 | 2.651.093.588 |

## 6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Peningamarkaðsbréf | 2.903.991 | 1.997.065 |

## 7. Hreinn gjaldeyrismunur

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Útlán | (559.034.633) | 41.778.080 |
| Lántökur | 502.055.551 | (48.056.099) |
| Kröfur á lánastofnanir | 3.137.885 | 1.576 |
| | (53.841.197) | (6.276.443) |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabilsins unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustuþáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Laun | 22.631.326 | 22.545.015 |
| Lífeyriskostnaður | 2.375.114 | 2.361.092 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.294.830 | 2.483.614 |
| | 27.301.270 | 27.389.721 |
| Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri | 9.247.644 | 9.077.335 |
| **Stjórnarmenn:** | | |
| Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður | 656.116 | 538.730 |
| Kristinn Jónasson | 437.409 | 359.152 |
| Svanfríður Inga Jónasdóttir | 437.409 | 359.152 |
| Elliði Vignisson | 437.409 | 359.152 |
| Helga Benediktsdóttir | 437.409 | 181.623 |
| Hilmar Sigurðsson | 60.541 | 0 |
| Bryndís Gunnlaugsdóttir | 0 | 177.529 |
| | 2.466.293 | 1.975.338 |

## 9. Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Viðskiptavakt | 17.750.000 | 6.878.452 |
| Gjöld vegna verðbréfaútgáfu | 1.909.235 | 2.452.784 |
| Árlegur kostnaður vegna skuldabréfa | 3.164.437 | 3.852.763 |
| | 22.823.672 | 13.183.999 |

## 10. Umboðsmaður skuldara

Lánasjóðnum bárust reikningar frá Umboðsmanni skuldara á árinu 2011 vegna kostnaðar embættisins fyrir árin 2010 og 2011 með vísan til laga nr. 100/2010. Lánasjóðurinn taldi gjaldtökuna ólögmæta og höfðaði mál til endurgreiðslu. Þann 14. maí síðastliðinn gerðu lánasjóðurinn og íslenska ríkið með sér samkomulag þar sem ríkið féllst á að um væri að ræða þjónustugjald sem lánasjóðnum bæri ekki að greiða. Var lánasjóðnum endurgreitt ásamt vöxtum og málskostnaði. Þá setti Alþingi í lok ársins 2011 sérlög um greiðslu kostnaðar við rekstur Umboðsmanns skuldara nr. 166/2011 þar sem Lánasjóður sveitarfélaga er sérstaklega undanþeginn.

## 11. Annar rekstrarkostnaður

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Tölvur og tölvukerfi | 7.751.560 | 10.881.341 |
| Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga | 7.584.834 | 7.313.928 |
| Rekstur húsnæðis | 2.779.832 | 2.257.906 |
| Endurskoðun og tengd þjónusta | 2.810.707 | 1.868.288 |
| Ferðakostnaður | 1.674.139 | 1.708.563 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.924.116 | 1.538.275 |
| Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld | 594.188 | 397.225 |
| Gestamóttaka og risna | 114.736 | 183.833 |
| Önnur rekstrargjöld | 1.829.772 | 1.261.440 |
| | 27.063.884 | 27.410.799 |

## 12. Hagnaður á hlut

| | 1.1.- 30.06.2013 | 1.1.- 30.06.2012 |
|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 419.518.356 | 430.478.845 |
| Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Hagnaður á hlut | 0,08 | 0,09 |

## 13. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Óbundnar innstæður í Seðlabanka | 1.281.418.841 | 757.009.300 |
| Innstæðubréf Seðlabanka Íslands | 2.003.833.333 | 4.716.113.139 |
| | 3.285.252.174 | 5.473.122.439 |

Sjóður og innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok tímabilsins í samræmi við sjóðstreymisyfirlit að fjárhæð samtals 8.308 milljónir.

## 14. Kröfur á lánastofnanir

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Bankareikningar | 1.949.398 | 16.698.513 |
| Peningamarkaðslán | 5.021.291.990 | 4.024.934.792 |
| Kröfur á lánastofnanir | 5.023.241.388 | 4.041.633.305 |

## 15. Langtímaútlán og kröfur

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Útlán í erlendri mynt | 9.305.523.217 | 10.474.762.145 |
| Verðtryggð útlán | 55.717.459.466 | 50.037.281.884 |
| Óverðtryggð útlán | 507.198.611 | 0 |
| | 65.530.181.294 | 60.512.044.029 |

## 16. Skammtímaútlán

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Óverðtryggð lán í krónum | 0 | 30.097.500 |

## 17. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Hlutdeildarskírteini | 108.786.769 | 105.882.778 |

Lánasjóðurinn var með opna afleiðusamninga við Glitni banka hf. þegar hann fór í greiðslustöðvun í nóvember 2008. Við það stöðvuðust greiðslur milli lánasjóðsins og Glitnis á þeim samningum sem þá voru í gildi. Útistandandi nettó krafa lánasjóðsins á hendur þrotabús Glitnis banka hf. var að fjárhæð 1.472 milljónir í árslok 2008. Þessi krafa var færð niður í núll í ársreikningi lánasjóðsins 2008 vegna óvissu um greiðslur frá Glitni banka hf. vegna samninganna og stendur enn í núlli. Heildarkröfu að fjárhæð 5.631 milljónir var lýst í þrotabú Glitnis fyrir tilskilinn kröfulýsingarfrest. Ekki hefur náðst sátt um fjárhæð kröfunnar og stefnir í að ágreiningsmál um fjárhæð kröfu lánasjóðsins á Glitni verði rekið fyrir dómstólum.

Skuldabréf útgefið af SPRON var fært að fullu niður í bókum sjóðsins á árinu 2009 eða sem nam 113 milljónum króna. Kröfu að fjárhæð 144 milljónum var lýst í þrotabú SPRON þann 21. janúar 2010. Samkvæmt kröfuhafalista SPRON sem dagsettur var 10. mars 2010 var samþykkt fjárhæð kröfu 135 milljónir króna. Áætlanir skilanefndar benda til þess að endurheimtur verði undir 5%.

## 18. Rekstrarfjármunir

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 49.020.724 | 50.216.352 |
| Afskriftir ársins | (597.814) | (1.195.628) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 48.422.910 | 49.020.724 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig: | | |
| Kostnaðarverð | 59.781.372 | 59.781.372 |
| Samsafnaðar afskriftir | (11.358.462) | (10.760.648) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 48.422.910 | 49.020.724 |

Fasteignamat í árslok 2012 nam 46,9 milljónum og brunabótamat 76,0 milljónum króna. Í lok árs 2011 nam fasteignamat 44,5 milljónum og brunabótamat 71,1 milljón króna.

## 19. Verðbréfaútgáfa

| | Vegin meðaltals vaxtaprósenta* 2013 | 2012 | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|---|
| Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013 | 5,00% | 5,00% | 19.611.303 | 18.692.659 |
| LSS '03, lokagjalddagi 2018 | 5,17% | 5,17% | 607.754.377 | 653.267.804 |
| LSS '04, lokagjalddagi 2019 | 4,08% | 4,08% | 1.449.559.667 | 1.387.963.970 |
| LSS '05-2, lokagjalddagi 2022 | 4,30% | 4,30% | 5.305.910.953 | 5.866.819.200 |
| LSS 150224, lokagjalddagi 2024 | 4,79% | 4,91% | 28.412.981.874 | 27.136.814.467 |
| LSS 150434, lokagjalddagi 2034 | 4,02% | 3,30% | 9.850.672.174 | 1.471.247.083 |
| LSS '08 1, lokagjalddagi 2034 | 5,29% | 5,25% | 2.634.086.220 | 7.126.494.794 |
| Verðbréfaútgáfa samtals | | | 48.280.576.568 | 43.661.299.977 |

* Vegin meðaltals vaxtaprósenta er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

## 20. Aðrar lántökur

| | Vegið meðaltals vaxtaálag 2013 | 2012 | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|---|
| EUR lán (EURIBOR + álag) | 0,22% | 0,22% | 8.098.515.063 | 9.111.796.975 |
| USD lán (LIBOR + álag) | 0,17% | 0,17% | 709.023.173 | 795.637.786 |
| ISK lán (verðtryggð) | 6,09% | 6,09% | 797.623.816 | 757.102.948 |
| Aðrar lántökur samtals | | | 9.605.162.052 | 10.664.537.709 |

## 21. Skammtímalántökur

| | vaxtaprósenta 2013 | 2012 | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|---|
| ISK lán (óverðtryggð) | 5,03% | 5,20% | 490.192.172 | 359.199.348 |

## 22. Aðrar skuldir

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur vegna arðgreiðslu | 81.600.000 | 0 |
| Lánardrottnar | 2.008.634 | 2.493.235 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 2.378.035 | 2.081.542 |
| Aðrar skuldir samtals | 85.986.669 | 4.574.777 |

## 23. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fer fram árlega og er hún færð í ársreikninginn í lok hvers árs miðað við 2,0% ársvexti og lífslíkur skv. reynslu áranna 2007-2011. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning skuldbindingarinnar.

| Lífeyrisskuldbinding greinist þannig: | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Frá fyrra ári | 52.861.269 | 53.383.944 |
| Greiddur lífeyrir á árinu | (260.866) | (428.621) |
| Lækkun skuldbindingar | 0 | (94.054) |
| Lífeyrisskuldbinding samtals | 52.600.403 | 52.861.269 |

## 24. Eigið fé

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárhlutfall sitt byggt á Basel II reglunum. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu.

Í lok tímabilsins nam heildarhlutafé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn sjóðsins, áhættuvegnar eignir og eiginfjárhlutfall sjóðsins í árslok 2012 og 30. júní 2013.

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| **Eiginfjárgrunnur** | | |
| Hlutafé | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | 1.250.000.000 | 1.250.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 9.231.522.129 | 9.220.003.773 |
| **Eiginfjárgrunnur samtals** | 15.481.522.129 | 15.470.003.773 |
| **Áhættugrunnur** | | |
| Útlánaáhætta | 21.712.693.916 | 21.454.045.239 |
| Markaðsáhætta | 499.586.000 | 588.961.000 |
| Rekstraráhætta | 2.159.048.079 | 2.159.048.079 |
| Áhættugrunnur samtals | 24.371.327.995 | 24.202.054.318 |
| **Eiginfjárhlutfall** | | |
| Eiginfjárhlutfall | 64% | 64% |

Sjóðurinn metur eiginfjárþörf sína með svonefndu ICAAP ferli og skilaði til FME skýrslu þar um á árinu 2012. Mat sjóðsins á eiginfjárþörf með ICAAP ferlinu er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

## 25. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn og varastjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem eru á meðal 10 stærstu hluthafa sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til tengdra aðila eru sem hér segir:

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar | 34.636.543.873 | 34.476.464.717 |
| Ný lán | 6.511.039.872 | 2.627.232.000 |
| Afborganir lána | (1.813.622.493) | (5.495.203.393) |
| Aðrar breytingar | 1.928.372.058 | 3.028.050.549 |
| Staða í árslok | 41.262.333.310 | 34.636.543.873 |

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við tengdra aðila á árinu 2013.

## 26. Lánveitingar

Hér að neðan má sjá sundurliðun á stöðu lána þeirra sveitarfélaga sem eru lántakar hjá lánasjóðnum m.v. 30. júní, samtals 58.227 m.kr. Auk þess hefur lánasjóðurinn veitt lán til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að fjárhæð 7.303 m.kr.

| Sveitarfélag | Fjárhæð m.kr. | Íbúafj. 31.12.'12 | Sveitarfélag | Fjárhæð m.kr. | Íbúafj. 31.12.'12 |
|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogsbær | 8.642 | 31.726 | Hrunamannahreppur | 382 | 784 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 7.189 | 26.808 | Fjallabyggð | 303 | 2012 |
| Sveitarfélagið Árborg | 4.077 | 7.826 | Þingeyjarsveit | 290 | 914 |
| Fjarðabyggð | 3.322 | 4.629 | Djúpavogshreppur | 290 | 452 |
| Mosfellsbær | 3.146 | 8.978 | Húnaþing vestra | 282 | 1.177 |
| Akureyrarkaupstaður | 2.914 | 17.966 | Sveitarfélagið Hornafjörður | 242 | 2.166 |
| Garðabær | 2.799 | 44.835 | Dalabyggð | 236 | 665 |
| Fljótsdalshérað | 2.248 | 3.434 | Mýrdalshreppur | 218 | 462 |
| Ísafjarðarbær | 1.988 | 3.748 | Skaftárhreppur | 211 | 443 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 1.946 | 4.010 | Langanesbyggð | 194 | 523 |
| Reykjanesbær | 1.937 | 14.231 | Sveitarfélagið Ölfus | 178 | 1.900 |
| Akraneskaupstaður | 1.837 | 6.625 | Breiðdalshreppur | 164 | 180 |
| Borgarbyggð | 1.463 | 3.469 | Eyjafjarðarsveit | 145 | 1012 |
| Sandgerðisbær | 1.350 | 1.581 | Vopnafjarðarhreppur | 145 | 687 |
| Hveragerðisbær | 992 | 2.291 | Grímsnes- og Grafningshreppur | 144 | 422 |
| Stykkishólmsbær | 981 | 1.112 | Hörgársveit | 106 | 566 |
| Grundarfjarðarbær | 822 | 905 | Seltjarnarneskaupstaður | 95 | 4.322 |
| Reykjavíkurborg | 807 | 119.764 | Húnavatnshreppur | 87 | 405 |
| Norðurþing | 761 | 2.864 | Tálknafjarðarhreppur | 65 | 293 |
| Vesturbyggð | 697 | 941 | Reykhólahreppur | 55 | 280 |
| Blönduósbær | 642 | 878 | Hvalfjarðarsveit | 34 | 610 |
| Rangárþing ytra | 634 | 1.518 | Grýtubakkahreppur | 25 | 360 |
| Snæfellsbær | 564 | 1722 | Flóahreppur | 24 | 639 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 559 | 676 | Súðavíkurhreppur | 23 | 179 |
| Bláskógabyggð | 535 | 897 | Strandabyggð | 23 | 518 |
| Dalvíkurbyggð | 502 | 1.864 | Kaldrananeshreppur | 17 | 100 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 486 | 918 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 14 | 504 |
| Rangárþing eystra | 394 | 1.735 | Borgarfjarðarhreppur | 1 | 130 |

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum, s.s. ársskýrslum og fyrir fjárfesta, sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.